

STJÓRNARTÍÐINDI A 13 – 1995

Nr. 79

252

9. maí 1995

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er komin úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytið, 9. maí 1995.

Friðrik Sophusson.

Kristján Andri Stefánsson.

Nr. 80

31. maí 1995

LÖG

**um breyting á lögum um aðskilnað dómsvalds og
umboðsvalds í héraði, nr. 92 1. júní 1989.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

6. gr. laganna verður svohljóðandi:

Dómsmálaráðherra getur skipað fulltrúa við héraðsdómstól til að framkvæma dómsathafnir í umboði og á ábyrgð dómstjóra eða héraðsdómara þar sem eigi er skipaður dómstjóri. Sá einn getur hlotið slíka skipun sem fullnægir skilyrðum 1. og 3.–6. tölul. 5. gr.

Dómstjóri eða héraðsdómari, þar sem eigi er skipaður dómstjóri, getur falið fulltrúa að annast hvers konar dómsathafnir, en þó ekki að fara með og leysa að efni til úr einkamálum þar sem vörnum er haldið uppi eða opinberum málum frá því að þau koma til aðalmeðferðar.

2. gr.

4. mgr. 8. gr. laganna verður svohljóðandi:

Ákvæði 3. mgr. gilda einnig um dómara skv. 7. gr. og fulltrúa dómara.